

Fundargerð. Stjórnarfundur nr. 119

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn í Stekkjarvík, fimmtudaginn 13. mars kl. 13.00. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Sveinn F. Úlfarsson, Hrefna Jóhannesdóttir og áheyrnarfulltrúarnir Snorri Finnlaugsson og Pétur Arason. Einnig sat fundinn Elvar Bjarki Gíslason, verkstjóri hjá Norðurá bs. Hrefna Jóhannesdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerðir funda 117 og 118
2. Ársreikningur 2024
3. Fjárhagsáætlun 2025-2028
4. Boðun aðalfundar 2025 -dagskrá
5. Stækkun urðunarhólfs – lokauppgjör
6. Starfsleyfi
7. Gasvinnsla
 - a. Stækkun gasvinnslusvæðis
 - b. Eimur – nýting á gasi
8. Stytting vinnuviku – breyting á opnunartíma
9. Staða og horfur
10. Nýtt skráningarkerfi
11. Önnur mál

Fundargerð:

1. Fundargerðir stjórnarfunda nr. 117 og 118

Fundargerðir stjórnarfunda nr. 117 og 118, undirritaðar og samþykktar formlega.

2. Ársreikningur 2024

Magnús stjórnarformaður fór yfir drög að fyrirliggjandi ársreikning. Á árinu 2024 voru rekstrartekjur félagsins 227,0 milljónir og hækkuðu um 15,4 millj. kr. milli ára eða um 7%. Hagnaður félagsins á árinu 2024 nam tæpum 73,9 millj. kr. en var tæpar 53,5 millj. kr. árið 2023. Eigið fé félagsins í árslok nam 761,4 millj. kr. að meðtöldu stofnfé félagsins að fjárhæð 12,6 millj. kr. en eigið fé var 687,5 millj. kr. í



árslok 2023. Vísað er til skýringa í ársreikningnum varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn Norðurár bs. samþykkti ársreikninginn, áritaði hann rafrænt og vísaði honum til aðalfundar til staðfestingar.

3. Fjárhagsáætlun 2025-2028

Magnús lagði fram til endurskoðunar fjárhagsáætlun fyrir árin 2025-2028 og fór yfir forsendur fjárhagsáætlunar fyrir árin 2026-2029.

Eftirfarandi breytingartillaga var gerð á texta forsendna áætlunarinnar: Felldur er út textinn „um verðlagsbreytingu síðari árin“ og málsgrein með breytingartillögu verður því: „Sama fjárhæð er sett fyrir 2026 og er á árinu 2025. Gert er ráð fyrir að gjaldskrá hækki en að sama skapi minnki úrgangur þannig að breyting á milli ára verði 1% aukning í tekjum.“

Endurskoðuð áætlun 2025 gerir ráð fyrir að tekjur verði 240 millj., rekstrarkostnaður fyrir afskriftir verði 132 millj., afskriftir 45 millj. og rekstrarniðurstaða tæpar 82 millj. Áætlun 2026 gerir ráð fyrir sömu tekjum en að rekstrarkostnaður lækki vegna minni ráðgjafar og kostnaðar við starfsleyfi ofl. og rekstrarniðurstaða verði tæpar 88 milljónir.

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir framkvæmdum við borun á gasholum og eyðingu gass, 20 milljónir króna á hvort ár árin 2025 og 2026.

Fjárhagsáætlun borin upp með áorðinni breytingartillögu og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Fjárhagsáætlun er vísað til afgreiðslu aðalfundar.

4. Boðun aðalfundar 2025

Samþykkt að boða til aðalfundar Norðurár bs., 28. mars kl. 13.00 í Menningarhúsinu Miðgarði, Skagafirði. Farið yfir drög að dagskrá og Magnúsi falið að boða fundinn.

Samkvæmt samþykktum félagsins þarf aðalfundur að ákvarða laun stjórnar og því var eftirfarandi tillögu vísað til aðalfundar:

Tillaga um stjórnarlaun

Lagt er til við aðalfund að stjórnarlaun hjá Norðurá bs., taki mið af launum fulltrúa í fastanefndum sveitarfélagsins Skagafjarðar. Launin



taka mið af þingfarakaupi og voru 1. júlí 2024 samkvæmt því eftirfarandi:

- | | |
|---|-----------|
| • Mánaðarlaun, formaður: 3,2% á mánuði | 48.827 kr |
| • Mánaðarlaun, áheyrnarfulltrúi: 1,8% á mánuði | 27,465 kr |
| • Nefndarformaður: 2,5% fyrir hvern fund | 38,146 kr |
| • Nefndarmaður og áheyrnarfulltrúi: 1,6% fyrir hvern fund | 24,413 kr |
| • Varaformaður: 2,5% fyrir hvern fund sem hann stjórnar | 38,146 kr |

5. Stækkun urðunarhólfs – lokauppgjör

Magnús fór yfir fundargerð af síðasta verkfundi, sem reyndist sá áttundi í röðinn og jafnframt sá síðasti þar sem verkinu lauk með niðursetningu brunna í sigvatnskerfi urðunarhólfsins þann 1. október 2024. Umrædd stækkun urðunahólfsins er lokaáfangi í nýtingu leigulandsins og reiknað með að það verði fullnýtt 2038-40 og þá verði aðrar lausnir fundnar á afsetningu og nýtingu úrgangs.

Heildarverkstaða samkvæmt lokauppgjöri er rúmar 450 millj. kr. eða um 139% af sanningsupphæð sem var 325 millj. kr. Upphafleg kostnaðaráætlun verkkaupa gerði ráð fyrir 650 millj. kr. og endanlegur framkvæmdakostnaður því rétt tæp 70% af því viðmiði. Af heildarverkstöðu er heildarupphæð aukaverka rétt rúmar 27 millj. kr. eða um 8,4%. Er lokauppgjör í samræmi við áætlun sem Atli Gunnar Arnórsson eftirlitssmaður með verkinu kynnti fyrir stjórn á 116. stjórnarfundum þann 24. september 2024.

Fyrir utan tafir, m.a. vegna þess að verkið tók allmiklum breytingum á verktímanum auk þess sem veðurfar setti strik í reikninginn, þá gekk framkvæmdin vel og engin óhöpp eða slys voru skráð á verktímanum.

6. Starfsleyfi

Tillaga að starfsleyfi fyrir Stekkjarvík var lögð fyrir fundinn en endurnýjun starfsleyfis hefur verið í vinnslu hjá Umhverfis- og orkustofnun í nokkurn tíma og eru loks horfur á að það verði gefið út á árinu 2025 og gert ráð fyrir að það gildi til 2040.

Í ljósi þess að stjórn gafst lítill tími til þess að yfirfara tillöguna, var gefinn frestur til 25. mars til að koma með ábendingar eða athugasemdir.



Stjórn ákvað jafnframt að hafa stutta kynningu á starfsleyfistillögunni á aðalfundi Norðurár þann 28. mars nk.

7. Gasvinnsla

Leiðir til nýtingar á gasinu eru sífellt til skoðunar og undanfarin ár hafa margir áhugasamir aðilar hafa haft samband með hugmyndir eða óskað eftir einhvers konar samstarfi um nýtingu gassins. Forsvarsmenn Norðurár bs kunna að meta áhugann og hafa allar tillögur fengið umfjöllun eða verið metnar vandlega. Leitin að hentugri lausn heldur áfram.

a. Stækkun gasvinnslusvæðis

Elvar Bjarki fór yfir málið. Fyrir liggur að þegar urðunarhólf tvö fyllist, þá þurfi að stækka vinnslusvæði metangass. Á árinu 2025 og næstu árum er því fyrirbyggjandi að bora gasvinnsluholur í toppfylltan hluta urðunarhólfsins og dæla upp lífgasi til eyðingar eða notkunar. Miðað við núverandi gögn má áætla að bora þurfi 12-15 nýjar holur með dýpi frá 10-20 metrar

Elvari og Magnúsi veitt heimild til þess að vinna málið áfram og kalla eftir hugmyndum og áætluðum kostnaði í hönnun framkvæmdarinnar frá bæði EFLU og eLandfill. Bæði fyrirtækin þekkja vel til mála og hafa komið að mælingum í Stekkjarvík.

b. Eimur – nýting á gasi

Lagt fram kynningarblað um EIM, samstarfsverkefni umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytisins, Landsvirkjunar, Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Norðurorku og Orkuveitu Húsavíkur. Markmið Eims er að bæta nýtingu auðlinda á Norðurlandi með verðmætasköpun, sjálfbærni og nýsköpun að leiðarljósi. Sjá nánar á vefsíðu Eims, www.eimur.is

Eimur hlaut nýverið styrk upp á 1.500 þús. kr. í verkefnið: *Metan til orku – Sjálfbær nýting hauggass í Stekkjarvík.*



8. Stytting vinnuviku – breyting á opnunartíma

Lagt fram til formlegrar staðfestingar minnisblað um breyttan opnunartíma Stekkjarvíkur til að bregðast við ákvæðum um styttingu vinnuvikunnar. Breyttur opnunartími urðunarstaðarins hefur verið frá 1. nóvember 2024 þannig að á föstudögum er opið frá kl 8.00 til kl 12.00 á hádegi. Opnunartími mánudaga til fimmtudaga er frá kl. 08.00 til kl. 16.00.

Áður tekið fyrir og samþykkt samhljóða í tölvupósti 23. október 2024.

9. Staða og horfur í rekstri

Elvar Bjarki Gíslason fór yfir stöðu og horfur í rekstri.

Heildar magn til urðunar fyrstu tvo mánuði ársins er komið í 3.500 tonn. Magnið er í svipuðu hlutfalli og fyrir fyrstu tvo mánuði ársins undanfarin ár og samsetning úrgangs svipuð eða að stærstum hluta blandaður úrgangur frá öllum sveitarfélögum. Vel hefur gengið að taka á móti úrgangi það sem af er vetrar og veður ekki haft stór áhrif á opnun.

Vel hefur gengið að uppfæra tækjabúnað í samræmi við ákvarðanir síðustu stjórnarfundu. Nýr krabbi var tekinn í gagnið á beltagröfuna og nýja hjólaskóflan kom í byrjun árs 2025. Létta þessi tæki dagleg störf til muna. Tækjakosturinn í dag telur þá eftirfarandi:

- Bomag sorptroðara 2018 árg,
- Hitachi beltagröfu 2018 árg,
- Komatsu hjólaskóflu 2024 árg,
- Cat traktorsgröfu 1993 árg

og að auki tvo eldri Bomag sorptroðara sem nýtast sem varatroðarar og auk þess mikilvægir skjólgjafar við erfið veðurskilyrði, þrjú fjórhjól og ruslasuga. Taka þarf ákvörðun hvort endurnýja eigi traktorsgröfuna eða skoða fjárfestingu í öðrum tækjabúnaði. Skoða þarf kaup á annarri ruslasugu. Að mati Elvars væri ágætt að endurnýja 1-2 fjórhjólanna á næstu tveimur árum.

Eins og fram hefur komið í fyrri fundargerðum var mikil aukning á árinu 2024 á efni sem kom til förgunar með öðru sorpi þrátt fyrir að flokkast sem úrgangur sem ekki má urða. Þetta var að miklu leyti járn og stór hluti þess kom frá einum viðskiptaaðila og upprunastað. Elvar



Bjarki átti gott samtal við umræddan aðila sem lofaði úrbótum. Þær úrbætur eru farnar að skila sér, auk þess sem nýr tækjabúnaður auðveldar alla vinnu við að flokka þennan úrgang frá sorpi sem má urða.

Elvar Bjarki fór sömuleiðis yfir starfsmannamál. Vel gengur að skipuleggja sumarleyfi og manna afleysingar.

Fundarmenn lýsa yfir ánægju með úrbætur og framkvæmdir í Stekkjarvík og þakka starfsmönnum vel unnin störf.

10. Nýtt skráningarkerfi

Elvar Bjarki fór yfir tilboð á nýju rafrænu skráningarkerfi fyrir sorpmóttöku og gagnavinnslu. Núverandi kerfi er komið til ára sinna og með því að endurgera það og uppfæra þá muni það bæta rekstraröryggi en gögn færast jafnóðum í gagnageymslu í skýi. Bókhald getur með nýju kerfi unnið í rauntíma við aflestur gagna og reikningagerð verður hálfjálfvirk. Eins mun nýja kerfið bjóða upp á betri greiningu á gögnum.

Stjórn veitir Elvari Bjarka heimild til þess að hefja samtal við Advania og óska eftir tilboði í uppsetningu nýs skráningarkerfis.

11. Önnur mál

Sveinn Finster Úlfarsson tilkynnir um nýjan aðalmann í stjórn f.h. Skagafjarðar. Nýr aðalmaður er Arnar Bjarki Magnússon og tekur hann við keflinu af Sveini á næsta aðalfundi.

Sveini eru færðar bestu þakkir samstarfið.

Engin önnur mál og fundi slitið kl. 14.35.

Magnús B. Jónsson

Sveinn F. Úlfarsson

Hrefna Jóhannesdóttir

Snorri Finnlaugsson

Pétur Arason